

Nd.

58. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen,
Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Thor Thors.

1. gr.

Frá 1. jan. 1936 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenskum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði ekki lögfestu. Það er nú flutt að nýju, í von um, að sívaxandi örðugleikar útvegsins valdi því, að þingið að lokum fallist á þá sjálfsögðu kröfu, sem í því felst.

Í frumvarpi því um Fiskveiðasjóð, er sjálfstæðismenn flytja á þessu þingi, er gert ráð fyrir því, að verði útflutningsgjaldið afnumið, eins og hér er farið fram á, skuli lagt nýtt gjald á útfluttar sjávarafurðir, en þó eigi nema $\frac{3}{4}$ af andvirði vörunnar, enda renni það gjald eigi í ríkissjóð, eins og núgildandi útflutningsgjald, heldur í Fiskveiðasjóð, og komi þannig útveginum sjálfum beint til góða.